

## GÆLUDÝRIN STÆKKA OG STÆKKA


■ Þessi tvö indælu litlu „gæludýr“, sem hér sjást ásamt eiganda sínum og húsbónda, Johnny Kottal, 18 ára þjóni í Odense í Danmörku, sluppu naumlega við það að verða aflífud, en Johnny var að gefast upp á að ala önn fyrir þeim og hafa þau í húsinu.

Í staðinn fyrir að vera gæludýr í venjulegri íbúð koma litlu krókódílarnir til með að eyða dögnum í „Danmarks Akvarium“ (fiskasafinu þeirra þar), þar sem þeir verða til sýnis.

– Ég hef að undanfögnu leitað eftir einhverjum samastað fyrir þessi gæludýr mín,

segir Johnny. – Litlu sætu krókódílaungarnir mínir eru orðnir 3ja ára og þeir voru orðnir uggvænlega stórir. Þeir stækkuðu að meðaltali um 6 sm á viku. Þetta eru Karmann-

krókódílar og þeir geta orðið yfir 4 m á lengd, svo mér var hætt að lítast á blikuna, sagði eigandi þeirra, – enda var hann með djúpt sár á annarri hendinni þegar hann afhenti dýrin.



■ Er veggurinn gagnsær, eða hvað?

## GAGNSÆR VEGGUR?

■ Það hefur komið fyrir margan vegfarandann, sem ekur fram hjá þessu húsi í Wuppertal í Vestur-Pýskalandi, að snarbremsa og horfa agndofa „inn í húsið“ – að því er þeim finnst. Í raun horfa þeir þá aðeins á gluggalausan vegg, sem listamaðurinn Hans-Gunter Obermaier hefur mál- að þessa skreytingu á.

Það er engu líkara en að tjald sé dregið frá og íbúar hússins sjáist við daglega iðju sína: Ung stúlka er að hafa fataskipti á efri hæðinni og maður liggur í rúminu sínu, en á neðri hæðinni situr herra- maður á klósettinu með dagblað, en lítur upp úr því eins og hann hafi verið ónáðad-

ur. Svo situr einn í hægindastól og lætur fara vel um sig. Hvort fyrirsæturnar á myndunum búa í þessu húsi eða ekki fæst listamaðurinn ekki til að segja neitt um.

Það var listunnandi í ná- grenni hússins sem borgaði fyr- ir verkið. Hann sagðist vera svo leiður á þessum grúa vegg.

### viðtal dagsins

Hagsmunafélag myndlistarmanna sýnir á Kjarvalsstöðum:

# „MYNDIR Á AFBORGUNUM“

— segja Ólafur Lárusson og Halldór B. Runólfsson, tveir skipuleggjenda sýningarinnar.

■ „Þessi sýning er haldin til að sýna fram á það að félagið er ekki eins vafasamt og af er látið“, sögðu þeir Ólafur Lárus-

son og Halldór B. Runólfsson í viðtali, en Hagsmunafélag myndlistarmanna er nú með sýningu á Kjarvalsstöðum. Eru þeir

meðal skipuleggjenda sýningarinnar.

„Hagsmunafélag myndlistarmanna var stofnað fyrir þá

sem ekki hafa getað verið í öðrum myndlistarfélögum. Í þessu félagi ægir saman fólki sem ekki hefur fengið inni annars



■ Ólafur Lárusson og Halldór B. Runólfsson.

Tímamynd Róbert